

Office365

Nýbreytniverkefni í Ölduselsskóla



Síðasta vetur fórum við af stað með verkefni sem kallast OFFICE 365. Microsoft Office 365 er útgáfa af Microsoft Office byggð á skýjalausnum. Í Office 365 hafa notendur aðgang að nýjustu útgáfum Office án þess að vera bundnir við tiltekna tölvu eða snjalltæki. Hægt er að nálgast gögn hvar og hvenær sem er. Myndin hér að neðan sýnir þann hugbúnað sem er aðgengilegur þegar notandi skráir sig inn á Office 365.



Mynd 1: Upphafs skjámynd notenda í Office 365

Allir nemendur í Ölduselsskóla hafa núna aðgang að Office365 og geta nýtt sér „skýið“ (OneDrive) til að geyma, deila og vinna í gögnum sínum á netinu. Nemendum gefst líka kostur á að vinna sameiginleg verkefni og séð uppfærslur hjá hver öðrum á rauntíma.

Hver nemandi getur hlaðið Office 365 niður á 5 snjalltæki eða tölvur á meðan hann er í Ölduselsskóla. Með þessu hafa allir nemendur skólans jöfn tækifæri til að nota Officepakkann heima. Við hvetjum nemendur til að geyma skólaverkefni sín á skýinu því þar eiga nemendur nánast ótakmarkað gagnamagn.

Að auki er boðið upp á *OneNote for the Classroom* sem er viðbót á OneNote og er sérhannað til að styðja við rafræna kennsluhætti. Í stuttu máli gerir lausnin kennurum kleift að búa til svæði innan OneNote sem er tileinkað ákveðnum hópi nemenda (e. digital classroom). Svæðin skiptast í **námsefnissvæði**, **nemendasvæði** og **samvinnusvæði**.

Inni á **námsefnissvæði** geta einungis kennarar sett inn eða breytt efni og nemendur geta lesið eða sótt námsefnið.

Nemendasvæði er einungis sýnilegt þeim nemanda sem á svæðið og kennurum en ekki sýnilegt öðrum nemendum. Síðast en ekki síst er **samvinnusvæði** þar sem bæði nemendur og kennarar geta unnið saman að til dæmis hópverkefnum.

Þessi lausn er þegar í notkun víðsvegar í grunnskólum á Norðurlöndum og Norður-Ameríku og er núna í notkun í Ölduselsskóla.